

Forsætisráðuneyti
Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar
for@for.is

Reykjavík, 26. ágúst 2025

Efni: Umsögn Samorku um áform um atvinnustefnu Íslands til 2035, mál í samráðsgátt nr. 144/2025

Inngangur

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, fagnar áherslu ríkisstjórnarinnar á að leita leiða til að stuðla að vexti atvinnulífsins, auka framleiðni og efla hagvöxt og leggja þannig grunn að auknum lífsgæðum í landinu.

Samorku leggur áherslu á að öll atvinnuuppbygging – hvort heldur í hefðbundnum atvinnugreinum eða nýjum vaxtargreinum – stendur og fellur með öruggu aðgengi að grænni orku og traustum veituinngviðum.

Samorka fagnar þeim áherslum sem birtast í inngangi að atvinnustefnu Íslands um að efla innviði, einfalda regluverk, auka skilvirkni í opinberri stjórnsýslu og auka aðgengi að hagkvæmri og endurnýjanlegri orku til að styðja við hagvöxt og orkuskipti.

Samorka og aðildarfélög eru tilbúin að leggja sitt af mörkum til að efla íslenska atvinnuvegi og hagsæld þjóðarinnar með stuðningi við mótun og gerð atvinnustefnu stjórnvalda, til að mynda með þátttöku í ráðgefandi atvinnustefnuráði sem forsætisráðherra hyggst skipa í september.

Í apríl 2022 gaf Landsnet út ítarlega skýrslu sem gerir grein fyrir því samfélagslega tapi sem verður þegar aðgengi að raforku er ekki tryggt, sjá hér: [Töpuð tækifæri vegna takmarkana í flutningskerfinu](#). Í febrúar 2022 kom út skýrsla hjá Landsneti þar sem sýnt var fram á að laun almennings hafi hækkað hægar í þeim sveitarfélögum sem hafa haft takmarkað aðgengi að flutningskerfi raforku en í þeim sveitarfélögum sem hafa haft góðan aðgang að raforku, sjá hér: [The Economic Benefit of Headroom in the Icelandic Power Network](#). Þessu samfélagslega tapi má auðveldlega snúa í vöxt og vaxtatækifæri með því að tryggja aðgengi að grænni raforku og veituinngviðum.

Vel menntað og hæft starfsfólk er lykilþáttur í starfsemi orku- og veitufyrirtækja. Við mótun atvinnustefnu er mikilvægt að lögð verði áhersla á menntun á þeim sviðum sem verða grundvöllur atvinnustefnunnar.

Græn orka sem forsenda vaxtar og atvinnuuppbyggingar

Áform um atvinnustefnu gera ráð fyrir aukinni verðmætasköpun, hagvexti, orkuskiptum og jöfnuði milli landshluta. Til að þetta verði að veruleika þarf að horfa til eftirfarandi atriða:

- **Orkuöryggi og framboð:** Nú þegar ríkir ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði. Ef tryggja á framgang atvinnustefnunnar þarf skýra aðgerðaáætlun um stórauðna græna orkuvinnslu. Samorka kallar eftir því að stjórnvöld hugi samhlíða að gerð atvinnustefnu og fyrirhugaðrar stefnu um öflun raforku.
- **Dreifiveita og flutningskerfi raforku:** Ný atvinnuuppbygging, jafnt fyrirtækja sem teljast til stórnotenda og þeirra sem nota minni raforku, krefst öruggs flutnings og dreifingar. Skilvirk uppbygging dreifi- og flutningskerfa er forsenda þess að græn orka nýtist í vöxt og atvinnusköpun. Framundan eru fjárfestingar orkuframleiðslu, flutnings- og dreifikerfum raforku upp á 300 milljarða á næstu 5 árum¹. Tryggja þarf að flutnings- og dreifikerfi geti ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar í tengslum við orkuskipti og atvinnuuppbyggingu á hagkvæman hátt og án þess að kostnaður vegna þeirra fjárfestinga lendi af of miklum þunga á núverandi notendum kerfisins.
- **Stuðningur við nýsköpun og útflutning:** Nýjar vaxtargreinar á borð við líftækni, gagnaver og matvælaframleiðslu þarfnast mikillar og öruggar orku. Án hennar verða slík tækifæri ekki nýtt til fulls.
- **Byggðapróun:** Aðgengi að orku er forsenda fyrir eðlilegri þróun atvinnulífs og búsetu um allt land. Það tryggir jafnræði milli landshluta og styður við markmið atvinnustefnu um blómlega atvinnuþróun um allt land.

Veituvinnviðir sem grunnur atvinnustefnu

Atvinnuuppbygging krefst aðgengis að öflugum veituvinnviðum, hvort sem það eru vatnsveitur, fráveitur eða hitaveitur.

- **Vatnsveitur:** Áreiðanlegt aðgengi að hreinu vatni er óhjákvæmilegt skilyrði fyrir allar atvinnugreinar, allt frá matvælavinnslu til líftækni og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að vatnsveitum sé gert kleift að fjárfesta með eðlilegri arðsemiskröfu á eigið fé.
- **Fráveitur:** Öflug fráveitukerfi eru forsenda heilnæms umhverfis og sjálfbærrar atvinnustarfsemi. Þau draga úr mengunarhættu og tryggja heilbrigði samfélaga og atvinnugreina sem byggja á hreinni náttúru Íslands. Líkt og með vatnsveitur þarf regluverk sem gerir þeim kleift að gera eðlilega arðsemiskröfu á eigið fé.
- **Hitaveitur:** Húsnæði, framleiðsla og þjónusta í atvinnulífi byggja á traustu hitaveitukerfi. Jarðvarminn er einstakur styrkleiki Íslands og tryggir samkeppnishæfni atvinnulífs með lágum orku- og hitunarkostnaði.

¹ Sjá frétt á heimasíðu Samorku, [483 milljarða fjárfestingar til ársins 2030 - Samorka](#)

Samorka leggur áherslu á að regluverk um veituvinnviði sé skýrt, skilvirkt og fjárhagslega sjálfbært, þannig að fyrirtækin geti fjármagnað nauðsynlega uppbyggingu og tryggt að atvinnulífið hafi traustan grunn til vaxtar.

Stöðugleiki í grunnatvinnugreinum – stóriðja og hefðbundin starfsemi

Atvinnustefna þarf ekki eingöngu að vera framtíðarsýn um nýjar atvinnugreinar heldur einnig tryggja samkeppnishæft rekstrarumhverfi þeirra atvinnugreina sem nú þegar eru burðarásar hagsældar og búsetu um land allt. Þar vegur stóriðja þungt.

- **Stóriðja sem grunnur:** Stóriðja hefur áratugum saman verið hornsteinn í útflutningsverðmætasköpun og mikilvægur raforkunotandi sem styrkt hefur grunn og uppbyggingu orkuinnviða.
- **Áhrif á byggð:** Stóriðja og tengdur iðnaður eru burðarás atvinnu og tekna margra atvinnusvæða víðs vegar um landið.
- **Samspil við nýsköpun:** Nýjar atvinnugreinar vaxa samhliða en ekki í stað grunnatvinnuveganna.

Útflutningsverðmæti orkunnar og samkeppnishæfni þjóðarinnar

Orkan sjálf er undirstaða útflutningsverðmæta Íslands, bæði beint og óbeint:

- **Beint verðmæti:** Útflutningstekjur af orkunýtingu, m.a. með stóriðju, eru einn mikilvægasti hluti gjaldeyrissköpunar þjóðarbúsins.
- **Óbein áhrif:** Samkeppnishæfni annarra atvinnugreina byggir á nægu framboði á hagkvæmri grænni orku, samkeppnishæfu orkuverði og öruggum orku- og veituvinnviðum.
- **Samkeppnisforskot Íslands:** Ísland hefur einstakt forskot sem samfélag sem getur boðið upp á 100% endurnýjanlega orku til atvinnustarfsemi.

Aðgerðir til úrbóta

Samorka telur að mikilvægasta hlutverk stjórnvalda í að efla atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun sé að tryggja að undirstöðurnar séu traustar. Skapa góðan jarðveg.

Traustir innviðir, skilvirk stjórnsýsla og öflugir markaðir munu tryggja hagkvæma og skilvirka úthlutun auðlinda, sem mun á endanum skila mestu til þjóðarbúsins.

Samorka nefnir eftirfarandi áherslur til úrbóta við að tryggja trausta innviði og græna orkuframleiðslu:

- Eitt leyfi á einum stað, einföldun regluverks og aðgengi að öflugri og faglegri stjórnsýslu;
- Afnáam rammaáætlunar í núverandi mynd;

- Græn orkuframleiðsla og uppbygging veituinnviða verði skilgreind sem brýnir almannahagsmunir í meðförum leyfis- og skipulagsmála hjá stjórnvöldum, skipulagsyfirvöldum, úrskurðarnefndum og dómstólum;
- Stjórnvöld endurskoði löggjöf fyrir vatns-, hita- og fráveitur með það að markmiði að tryggja aðgengi að vatni, varma og leiðum fyrir lagnir.
- Skattbyrði orkugeirans verði samkeppnishæf, hófleg, sanngjörn og fyrirsjáanleg;
- Fjárhagsleg umgjörð vatns- og fráveitna verði sambærileg við aðra innviði, þar sem reikna má arðsemi á eigið fé;
- Stjórnvöld tryggi raforkuöryggi og skilgreini hlutverk aðila á raforkumarkaði.

Niðurlag

Atvinnustefna Íslands verður aðeins raunhæf og framkvæmanleg ef hún byggir á skýrri stefnu um öflun orku og uppbyggingu veituinnviða. Græn orka og traust veitubjónusta eru lykilforsendur allra atvinnuvega – grunnur verðmætasköpunar, byggðapróunar, nýsköpunar og árangurs í loftslagsmálum.

Samorka hvetur því til þess að í endanlegri atvinnustefnu verði:

- Skýrt kveðið á um að tryggt framboð á grænni orku sé ein af meginforsendum efnahagslegs vaxtar.
- Skýrt kveðið á um mikilvægi flutnings- og dreifikerfa til að jafna samkeppnisskilyrði um allt land.
- Öflug uppbygging allra veituinnviða fyrir vatn, hita og fráveitu sett fram sem grundvallarforsenda vaxtar og atvinnuuppbyggingar.
- Skilgreint að uppbygging grænnar orku og veituinnviða teljist til brýnna almannahagsmuna.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur